

Miðvikudaginn 25. apríl 1973.

Nr. 2/1973. **Hörður Ingólfsson**

gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands
vörubifreiðastjóra vegna Félags vörubíla-
eigenda, Hafnarfirði.**

Dómsátt um félagsréttindi í vörubílaeigendafélagi.

Af hálfu stefnanda sótti dómþingið hrl. Þorvaldur Þórarinsson, en af hálfu stefnda hdl. Jón Þorsteinsson. Einnig sækja dómþingið stefnandi, Hörður Ingólfsson, og formaður Félags vörubílaeigenda í Hafnarfirði, Bjarni Ágústsson.

Varð þá með málsaðiljum svohljóðandi átt:

Félag vörubílaeigenda í Hafnarfirði skuldbindur sig til að veita Herði Ingólfssyni inngöngu í félagið með vinnuréttindum og stöðvarréttindum strax og félagsmönnum þess hefur fækkað niður í 27, en þó eigi síðar en 1. október 1973.

Inngangan er háð því skilyrði, að Hörður leggi fram yfirlýsingu frá Vörubílstjórafélaginu á Ísafirði þess efnis, að hann sé formlega genginn úr félaginu.

Málskostnaður fellur niður.